

Fundur 10. september 2007

Fundur haldinn í **skipulags- bygginga- og hafnarnefnd** Reykhólahrepps
mánudaginn 10. sept. 2007 kl. 15:00.

Mættir: Sveinn Ragnarsson, Egill Sigurgeirsson, Bogi Kristinsson, Karl Kristjánsson og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Fundargerð rituð á tölvu og er hún 1 blaðsíða að stærð.

Sveinn setti fund og bauð menn velkomna.

Dagskrá:

1. Bréf dags. 3. sept. 2007 með beiðni frá Tómasi Sigurgeirssyni um nafnabreytingu á íbúðarhúsinu Mávatúni í Reykhólar og heimild til að skrá íbúðarhúsið á jörðina Reykhóla. Nefndin samþykkir fyrir sitt leiti að heimila nafnabreytingu og að húsið verði skráð á jörðina Reykhóla.
2. Bréf dags. 3. sept. 2007 með beiðni frá Tómasi Sigurgeirssyni um leyfi til flutnings á "sjúkraskýli" Ungmennafélagsins Aftureldirngar af núverandi stað á jörðina Reykhóla. Samþykkt að veita stöðuleyfi til 1. okt. 2008 fyrir húsinu með skilyrði um að staðsetning verði í samráði við byggingafulltrúa.
3. Umsókn frá Hallgrími Birgissyni Litlu-Brekku um leyfi til byggingar vélaskemmu og að setja utanhúsklæðningu á íbúðarhús og vélageymslu. Bygging skemmunar samþykkt með skilyrði um neyðarútgang í syðsta bili á vesturhlið. Utanhúsklæðning á íbúðarhús og vélageymslu samþykkt.
4. Beiðni frá Arnóri H. Ragnarssyni með ósk um landskipti úr landi Hofsstæða, 18,16 hektara spilda sem nefnd verður Krossnes og fær landnúmerið 212605. Fyrir liggur hnitsettur landskiptauppdráttur frá Mælingu hf. Landskiptin samþykkt.
5. Önnur mál.
 - Umsókn dags. 4. sept. 2007 frá Hjalta Einarssyni um leyfi til að byggja vélageymslu á Bæ á Bæjarnesi. Nákvæmari byggingalýsingu vantar og fjarlægð á milli geymsluskúrs og vélageymslu skal vera skv. byggingareglugerð. Byggingafulltrúa falið að gefa út byggingaleyfið þegar ofangreind gögn hafa borist og afstöðu hússins hefur verið breytt.
 - Umsókn dags. 10. sept. 2007 frá Aðalsteini Valdimarssyni um leyfi til flutnings á geymslugámi frá Mariútröð 5b og setja hann niður vestan við prestfjárhúsin. Samþykkt með tveimur atkvæðum á móti einu að veita stöðuleyfi til 1. okt. 2008. Egill legst gegn því að veitt séu stöðuleyfi fyrir geymslugáma innan marka þéttbýlis á Reykhólum.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl.: 16:47.

Sveinn Ragnarsson (sign)
Karl Kristjánsson (sign)
Bogi Kristinsson Magnusen (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)
Óskar Steingrímsson (sign)